

Ed.

83. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um varnarþing í einkamálum (stjórnarfrumv.).

Vjer, sem höfum verið kosnir í nefnd til að athuga frumvarp þetta, höfum orðið sammála um, að ráða háttvirtri deild frá að samþykkja það.

Að vísu erum vjer samdóma stjórninni um, að hið gamla fyrirkomulag með margar dómþinghár í hverju lögsagnarumdæmi, sje óheppilegt og úrelt; en vjer sjáum eigi að frumvarpið, þó það verði að lögum, bæti nægilega úr þessu. Hins vegar óttumst vjer, að breytingin mundi auka málaferli, og teljum vjer það ekki æskilegt.

Með lögum nr. 59, 10. nóv. 1905, um varnarþing í skuldamálum er ljett mjög innheimta verslunarskulda, og með lögum nr. 32, 11. júlí 1911 er sáttanefndum veitt úrskurðarvald í smáum skuldamálum.

Við þetta viljum vjer láta sitja þangað til landsstjórnin og þing sjá sjer fært, að gera gagngerða breyting á fyrirkomulaginu öllu.

Það hefir verið talað um, að leggja niður manntalsþingin. Verði frumvarp þetta að lögum, virðist oss þau hafa litla þýðingu sem dómþing og þá einnig

litil ástæða til að halda þeim vegna þinglýsinga og innheimtu manntalsbókar-
gjaldanna.

Eins og vikið er að í athugasemdum stjórnarinnar er mjög æskilegt, að
gerðar verði gagngerðar breytingar á þessum varnarþingsreglum, og hyggjum vjer
að þá sje rjett, að gera hin minni lögsagnarumdæmi að einni dómþinghá hvert,
en skifta hinum viðlendarí í 2 eða 3 dómþinghár.

Væntum vjer að stjórnin undirbúi þetta mál svo fljótt sem unt er og
leggi það síðan fyrir alþingi.

Alþingi, 11. júlí 1914.

Björn Þorláksson,
formaður.

Steingrímur Jónsson,
skrifari og framsögum.

Jósef J. Björnsson.